

# Reglugjörð

81  
22. nóv.

um

## vinslu og sölu á silfurbergi.

Samkvæmt lögum nr. 21, 19. júní 1922, eru hjer með settar eftirfarandi reglur um vinslu og sölu á silfurbergi.

### 1. gr.

Heimilt er hverjum þeim, sem land á eða námurjettindi, svo og þeim, sem land hafa á leigu og námurjettindi eru ekki undanskilin, að nema silfurberg í því landi, með þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugjörð þessari.

### 2. gr.

Sá, sem vill nema silfurberg, skal tilkynna það sjerfræðingi þeim, sem er ráðunautur atvinnumálaráðuneytisins um námumál. Skal í tilkynningunni tekið fram, hvar sá staður sje, sem vinna á í, hvort silfurberg hafi fundist þar og hvernig það sje að gæðum, hvort þar hafi verið unnið áður, og þá hve mikið, hvort silfurberg hafi verið flutt til útlanda þaðan áður, og þá hve mikið. Lýsing á landslagi og uppdráttur af námusvæðinu skal fylgja tilkynningunni. Einnig skal tekið fram, hvernig ráðgert er að vinna, hvort um undirbúningsvinnu eða nám er að ræða, og ennfremur skulu gefnar aðrar upplýsingar um afstöðu námunnar til flutninga og aðstöðu til vinslu.

### 3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur, eftir tillögum sjerfræðings, nánari reglur um vinslu hveirrar einstakrar námu eftir staðháttum hennar. Skal þar tekið fram, hvort nota megi sprengiefni við vinsluna og þá að hve miklu leyti, hvort unnið skuli í opinni gröf eða göngum, opnum eða lokuðum, svo og annað, er þurfa þykir. Hlutaðeigendum er óheimilt að byrja vinslu fyr en þeir hafa fengið slíkar reglur í hendur.

### 4. gr.

Ef vinnan fer fram í opinni gröf eða holu, svo að ekki er unt að vinna á vetrum, skal, þegar vinnu er hætt að haustinu, ef þess er kostur, hleypa vatni í námuna, og skal það ná að minsta kosti 75 sentimetra upp fyrir bergsár það, er silfurberg hefir fundist í. Ef ekki er unt að láta vatn standa í námunni á þennan hátt skal unnið þannig, að ekkert vatn standi að bergsárinu. Skal bergsárið þá þakið jörð eða torfi eða á annan hátt varið áhrifum frosts.

81

22. nóv.

## 5. gr.

Fyrir 1. janúar ár hvert skal senda ráðunaut atvinnumálaráðuneytisins um námumál skýrslu um rekstur námunnar, er greini, hve mikið hefir verið tekið upp af silfurbergi, hve stór gröf eða löng göng hafa verið grafin, ásamt uppdrætti af greftinum. Þar skal einnig tekið fram, hverskonar bergtegundir hafi komið fyrir í námunni og hver jarðfræðisleg afbrigði hafi orðið vart við.

## 6. gr.

Alt silfurberg, sem unnið er úr jörðu, skal þegar þvo vandlega úr köldu vatni, en ekki má láta það liggja í vatninu lengur en 30 mínútur í senn. Þess skal vandlega gætt að það verði ekki fyrir höggum, eða núist við hörð efni, svo sem grjót eða verkfæri úr járni, og skal yfirleitt fara svo gætilega með það sem unt er. Skal hver moli síðan vafinn sjerstaklega inn í linan pappír og raðað í kassa, er skulu við fyrsta tækifæri sendir til forstjóra silfurbergssölu ríkisins (sbr. 7. gr.). Hann lætur síðan höggva silfurbergið og flokka gegn hæfilegri þóknun.

## 7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar sjerfróðan mann til þess að höggva og flokka silfurberg það, sem unnið er, bæði fyrir ríkisins reikning og annara, og til þess að annast sölu þess. Fyrir sölu á silfurbergi, sem ekki er eign ríkisins, skal greiða 2% af söluverðinu, auk tilkostnaðar, og rennur það gjald í ríkissjóð.

## 8. gr.

Heimilt er þeim, sem silfurberg eiga og senda til sölu samkvæmt reglugjörð þessari, að hafa eftirlit með því, að silfurberg þeirra sje flokkað og selt eftir sömu reglum og silfurberg ríkisins.

## 9. gr.

Nú flytur maður heimildarlaust út silfurberg, og skal hann þá sæta sektum, alt að 10000 kr., og auk þess missa alt það silfurberg, sem hann hefir flutt út, eða andvirði þess, og rennur það í ríkissjóð. Brot gegn öðrum ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 1000 kr. Sektirnar renna í ríkissjóð.

## 10. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar skulu rekin sem almenn lögreglumál.

## 11. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi nú þegar.

Þetta er hjer með birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóv. 1922.

**Kl. Jónsson.**

*Oddur Hermannsson,*